


Umhverfisstofnun Áb. <i>MH AB</i>
17 FEB. 2004 <i>52.2</i>
Tilv. <i>UST20040200044</i>

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

•: Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

16. febrúar 2004

Tilvísun: UST20040200044/mh

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál á 130. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni er lögð fram náttúruverndaráætlun samkvæmt 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem lagt er til að á næstu fimm árum verði unnið að friðlýsingu 14 svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt að áfram verði unnið að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Undirbúningur náttúruverndaráætlunar

Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var unnin í tveimur áföngum. Sá fyrri er skýrsla sem Umhverfisstofnun vann í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, þ.e. *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. UST - 2003/14*. Í henni er fjallað um 75 svæði sem ástæða þykir til að vernda. Svæðin voru valin með nýrri aðferð við svæðisbundna náttúruvernd sem byggist á því að uppfylla skyldur Íslands á alþjóðavettvangi, meðal annars með því að byggja upp skipulagt net verndarsvæða. Í skýrslunni er tillögum ekki forgangsraðað og þar er heldur ekki sett fram tímasett framkvæmdaáætlun. Síðari áfangi verksins fólst þannig í því að forgangsraða tillögum og leggja mat á hvaða svæði æskilegast væri að vernda á næstu fimm árum. Það var vinnuhópur skipaður fulltrúum umhverfisráðuneytis, ásamt fulltrúa frá Umhverfisstofnun, sem völdu svæðin með áherslu á framangreinda aðferðafræði. Umhverfisstofnun telur að þau svæði sem valin voru til umfjöllunar í fyrstu náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra myndi góðan grunn að neti verndarsvæða sem hægt er að byggja ofan á í framtíðinni.

Viðbótarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í bréfi, dagsettu 26. nóvember 2003, fór rektor Háskóla Íslands þess á leit við umhverfisráðherra að auglýsingu um friðland í Herdísarvík verði breytt á þann veg að mögulegt verði að rannsaka og nýta jarðhita sem er að finna í

Brennisteinsfjöllum. Umhverfissráðuneytið óskaði eftir afstöðu Umhverfisstofnunar til málsins með bréfi dagsettu 20. janúar sl.

Í Brennisteinsfjöllum er jarðfræðileg fjölbreytni mikil, þar er að finna merkar og nánast ósnortnar eldgosaminjar, jarðskjálftasprungur, misgengi og háhita. Brennisteinsfjöll, og raunar allt Herdísarvíkurfriðland, eru hluti af stærra svæði sem fjallað er um í tillögu Umhverfisstofnunar um náttúruverndaráætlun, þ.e. Brennisteinsfjöll-Herdísarvík, en lagt er til að svæðið allt verði friðlýst sem náttúruvætti eða friðland.

Við val á tillögum sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni var svæðum meðal annars forgangsraðað með tilliti til jarðfræðilegra minja með einkunnagjöf. Þar fékk svæðið Brennisteinsfjöll-Herdísarvík næsthæstu einkunn og á eftir Geysi, en Reykjanes- Eldvörp- Hafnarberg og Grændalur fengu þriðju hæstu einkunnina. Þegar vinnuhópur umhverfissráðuneytis var að störfum lág fyrir að umhverfissráðuneyti hafði með bréfi dags 13. júní 2003, til iðnaðarráðuneytis, lagst gegn því að veitt yrði rannsókn- og nýtingarleyfi í Brennisteinsfjöllum. Í þingsályktunartillögunni var einungis fjallað um Geysi og Reykjanes- Eldvörp- Hafnarberg en ekki þótti ástæða til að fjalla um Brennisteinsfjöll- Herdísarvík að sinni, þar sem ekki voru áform uppi um nýtingu þessa svæðis.

Í ljósi framangreindrar beiðni um breytingu á auglýsingu um friðland í Herdísarvík, telur Umhverfisstofnun æskilegt að fjallað verði um Brennisteinsfjöll- Herdísarvík í náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að stofnunin hefur á undanförunum árum verið að vinna að friðlýsingu á stórum og smáum svæðum ýmist að beiðni umhverfissráðuneytis, sveitarfélaga eða félagasamtaka. Þau helstu eru Vatnajökull, Hekla, Krossanesborgir við Akureyri, Gerpissvæðið, Orravatnsrústir, Snæfell- og Vesturöræfi, Þingey og Skuldabíngey í Skjálfandafljóti og Hraun í Öxnadal.

Kostnaður

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar hafi verið metinn lauslega fyrir þau 14 svæði sem áætlunin nær til. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 32 milljónir króna þegar friðlýsingu allra 14 svæðanna lýkur.

Að beiðni umhverfissráðuneytis vann Umhverfisstofnun kostnaðaráætlun vegna náttúruverndaráætlunar. Þar er gert ráð fyrir að friðlýsingarferlið sjálft kosti um 32,5 milljónir, stofnkostnaður verði um 154 milljónir og árlegur rekstrarkostnaður um 48 milljónir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á tryggt verði að nægilegt fjármagn verði ætlað til framkvæmdar náttúruverndaráætlunar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilsson
forstjóri



Arni Bragason
forstöðum. náttúruverndar- og
útivistarsviðs